

## Fundargerð

### Framhaldsaðalfundur

### Félags prófessora við ríkisháskóla haldinn mánudaginn

**30. september 2024 kl. 16.00–17.30**

Staðsetning: Háskólatorg, stofa HT-101 og á Teams

Sigrún Ólafsdóttir, formaður félags prófessora við ríkisháskóla (FPR), setti fundinn kl. 16.02. Samtals voru 74 félagar á fundinum, tæplega helmingur var á staðnum og aðrir á Teams. Formaður upplýsti að Kári Kristinsson yrði áfram fundarstjóri og Lilja Þorgeirsdóttir ritari fundarins eins og samþykkt var á aðalfundinum 7. maí sl.

Fundarstjóri þakkaði traustið og tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri tilkynnti að framhaldsaðalfundurinn væri lögmaður og löglega til hans boðað.

Á aðalfundinum 7. maí náðist ekki að afgreiða öll mál sem voru á dagskrá. Þegar komið var að liðnum um önnur mál var fundi frestað og ákveðið að hafa framhaldsaðalfund í september.

Fyrir fundinn kom fram ósk frá félaga um leynilega atkvæðagreiðslu þegar kosið yrði um tillögur sem varða Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora. Ef fólk óskar eftir leynilegri atkvæðagreiðslu í fleiri málum þarf að láta vita af því. Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM, sá um það en hann var til taks á Teams ef á þurfti að halda.

Þá var gengið til dagskrár.

#### 8. Önnur mál.

Á dagskrá undir þessum lið voru eftirfarand mál:

- Tillaga Péturs Henrys Petersen (PHP) til aðalfundar um Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora.
- Tillaga stjórnar FPR að breytingum á úthlutunarreglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora.
- Tillaga stjórnar FPR að reglum um Kjaradeilusjóð.

#### a) Tillaga PHP um Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora.

PHP fylgdi tillögu sinni að breytingum á reglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora úr hlaði með glærukynningu. Hann sagði að tillögunni hefði verið breytt frá aðalfundinum 7. maí. Hún var send með fundargögnum viku fyrir fundinn en var síðan breytt rétt fyrir fundinn. Hann sagði tillöguna fjalla um lýðræðislega ákvörðun um að breyta reglunum og er svohljóðandi:

**„- Jöfnunartillaga - kosning**

**Lagt er til við framhaldsaðalfund 30.09.2024 að eftirfarandi tillaga um breytingar á úthlutunarreglum Ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora, verði lögð í rafræna kosningu félagsfólks innan þriggja vikna.“**

Stjórn FPR og fulltrúi FPR í stjórn ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora hafi frumkvæði að eftirfarandi breytingunum á 5. og 6. grein úthlutunarreglna sjóðsins.

Í núverandi reglum er kveðið á um hvernig úthlutað sé úr sjóðnum í greinum 5 og 6.

5. grein: Sjóðnum er skipt milli prófessora í hlutfalli við fjölda rannsóknastiga ár hvert. Við úthlutun dragast 10 stig frá rannsóknastigum og miðast greiðslur við þau stig sem umfram eru. Ekki er tekið tillit til stiga fyrir tilvitnanir.

6. grein: Séu rannsóknastig umfram lágmarksstigafjölda fleiri en 60 reiknast þau stig sem umfram eru í veldinu 0,8. Sjóðnum er úthlutað í hlutfalli við umreiknuð rannsóknastig.

**Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á reglum sjóðsins:**

5. grein: Sjóðnum er skipt milli prófessora í hlutfalli við fjölda rannsóknastiga ár hvert. Við úthlutun dragast **7 stig** frá rannsóknastigum og miðast greiðslur við þau stig sem umfram eru. Ekki er tekið tillit til stiga fyrir tilvitnanir.

6. grein: **Innan hvers árs reiknast stigafjöldi, eftir þröskuld á eftirfarandi hátt: Fyrstu 10 stigin í veldinu 1,4 og stigin upp að 60 óbreytt. Ekki er greitt fyrir meira en 60 umfram lágmark.** Prófessor í hlutastarfi, eða fullu starfi hluta matsársins, fær greitt fyrir stig í samræmi við starfshlutfall. Sjóðnum er úthlutað í hlutfalli við umreiknuð rannsóknastig.“

Með tillögunni fylgdi rökstuðningur.

PHP sagði að sjóðurinn hefði verið stofnaður fyrir um 35 árum og hefði lítið breyst síðan þá þrátt fyrir breytingar á starfsumhverfi. Kostur stofnunar sjóðsins væri að fólk fór að birta rannsóknarniðurstöður í auknum mæli. Hann telur að mæling á rannsóknarvirkni eins og gerð er í dag mismuni fólk þar sem sjóðurinn dreifist ójafnt. Ýmsar ástæður eru fyrir því eins og mismunandi starfsumhverfi og ólíkar birtingarhefðir. Telur PHP að ójöfnuður dragi úr samstöðu og að útbúa þurfi reglur sem geri ekki upp á milli mismunandi hópa.

Í ljósi þess að stjórn félagsins leggur fram aðra tillögu undir næsta lið lagði hann eftirfarandi tillögu fram á fundinum:

**„Lagt er til við aðalfund FPR 30. september 2024 að:**

**Haldin verði rafræn kosning meðal félagsfólks innan þriggja vikna þar sem kosið verði á milli þriggja kosta:**

- a) Engin breyting á úthlutunarreglum vinnumatssjóðs næstu tvö árin
- b) Tillögu um breytingar á úthlutunarreglum í átt að jöfnuði
- c) Tillögu stjórnar FPR um breytingar á úthlutunarreglum

Tillögurnar eru lagðar fram á fundinum. Það er á ábyrgð stjórnar að kynna þær og greina áhrif þeirra á úthlutanir úr sjóðnum.

Rökstuðningur: Úthlutunarreglur sjóðsins hafa áhrif á laun alls félagsfólks og lýðræðislegast er að allt félagsfólk komi að ákvörðun um breytingar á þeim.“

Hann taldi rétt að kosið yrði rafrænt um tillöguna til að allt félagsfólk geti tekið þátt. Þar sem stjórn félagsins er komin með aðra tillögu að útfærslu taldi hann rétt að fá kynningu á henni áður en kosið yrði um tillögu hans.

**Fundarstjóri bauð stjórn félagsins að kynna sína tillögu.**

**b) Tillaga stjórnar FPR að breytingum á úthlutunarreglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora.**

Næst var tekin fyrir tillaga stjórnar FPR um breytingar á úthlutunarreglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora sem send var félagsfólki þann 26. september sl. til kynningar. Ólafur Páll Jónsson varaformaður FPR fylgdi tillöginni úr hlaði. Tillagan var svohljóðandi:

*„Tillaga stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla um breytingar á úthlutunarreglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora, lögð fyrir framhaldsaðalfund 30.09.2024.*

*Stjórn FPR og fulltrúi FPR í stjórn ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora hafi frumkvæði að eftirfarandi breytingunum á 5. og 6. grein úthlutunarreglna sjóðsins.*

*Í núverandi reglum er kveðið á um hvernig úthlutað sé úr sjóðnum í greinum 5 og 6. 5. grein: Sjóðnum er skipt milli prófessora í hlutfalli við fjölda rannsóknastiga ár hvert. Við úthlutun dragast 10 stig frá rannsóknastigum og miðast greiðslur við þau stig sem umfram eru. Ekki er tekið tillit til stiga fyrir tilvitnanir.*

*6. grein: Séu rannsóknastig umfram lágmarksstigafjölda fleiri en 60 reiknast þau stig sem umfram eru í veldinu 0,8. Sjóðnum er úthlutað í hlutfalli við umreiknuð rannsóknastig.*

**Tillaga að breytingu:** Félag prófessora við ríkisháskólana leggur til eftirfarandi breytingar á reglum sjóðsins:

**5. grein:** *Sjóðnum er skipt milli prófessora í hlutfalli við meðaltal rannsóknastiga síðustu þriggja ára. Við úthlutun dragast 7 stig frá rannsóknastigum og miðast greiðslur við þau stig sem umfram eru. Ekki er tekið tillit til stiga fyrir tilvitnanir.*

*Prófessor sem kemur nýr inn í stigamatskerfið (kemur t.d. erlendis frá) fær greitt eftir meðaltali undangenginna þriggja ára þótt ekki hafi verið greitt í Ritlaunasjóðinn fyrir hann þau ár. Próffessorar fá greitt úr sjóðnum í þrjú ár eftir að þeir hætta störfum í samræmi við ofangreinda reglu. Þannig reiknast stig síðustu þriggja starfsára að fullu á fyrsta ári eftir starfslok, stig síðustu tveggja starfsára að tveimur þriðju á öðru ári eftir starfslok og stig síðasta starfsárs að þriðjungu á þriðja ári eftir starfslok.*

**6. grein:** *Sé þriggja ára meðaltal rannsóknastiga umfram lágmarksstigafjölda hærra en 60 reiknast þau stig sem umfram eru með stuðlinum 0,8. Ekki er greitt fyrir stig umfram 90. Próffessor í hlutastarfi, eða fullu starfi hluta matsársins, fær greitt fyrir stig í samræmi við starfshlutfall. Sjóðnum er úthlutað í hlutfalli við umreiknuð rannsóknastig.“*

Með tillöginni fylgdi greinargerð ásamt rökstuðningi.

Ólafur Páll sagði að það mætti hugsa sér fleiri útfærslur á tillöginni en það væri félagsfólks að ákveða hvaða skilaboð félagið sendir frá sér til stjórnar Ritlauna- og rannsóknasjóðs sem tekur síðan ákvörðun.

**Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður um tillögurnar.**

Rætt var um mikilvægi þess að ná sátt um tillögurnar. Fram kom að fólk taldi rétt að kjósa ekki um allar tillögur í einu heldur fyrst kjósa um hvort vilji væri fyrir breytingum og síðan kjósa um hverja tillögu fyrir sig.

Sigrún sagði að könnun félagsins á viðhorfum akademískra starfsmanna til vinnu-kerfisins sýndi mismunandi niðurstöður en þær voru kynntar á sameiginlegu málþingi FPR með FH og FHA þann 8. maí sl. Þar kom fram áhugi fyrir því að gera eiginlega rannsókn á því hvort kerfið sé að stýra okkur inn á ákveðnar brautir.

Hún sagði það ljóst að erfitt væri að kjósa um þær tillögur sem hefðu komið fram á fundinum þar sem fólk gæti verið sammála sumum tillögum en ekki öðrum. Hún lagði til að gera könnun meðal félagsfólks um öll útfærsluatriðin. Þá gætu allir kosið en ekki bara þeir sem mættu á aðalfundinn. Hún lagði fram tillögu þess efnis um hvernig kjósa mætti um tillögu stjórnar og PHP um breytingar á reglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora og var hún svohljóðandi:

**„Tillaga formanns FPR um hvernig kjósa má um báðar tillögur stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) og Péturs H. Petersen prófessors (PHP), um breytingar á reglum Ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora í rafrænni kosningu.**

*Aðalfundur Félags prófessora við ríkisháskóla felur stjórn FPR að láta fara fram rafræna atkvæðagreiðslu meðal allra félagsmanna um eftirfarandi tillögur varðandi breytingar á úthlutunarreglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora innan 3 vikna frá 30.*

*september að telja. Stjórn FPR og fulltrúa FPR í stjórn Ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora er falið að leggja tillögurnar fram í stjórn sjóðsins. Kosningin skal ná til eftirfarandi tillagna:*

*Stjórn félagsins mun halda umræðufund um niðurstöður kosninganna innan þriggja vikna frá lokum kosninga.“*

Þá fylgdu með spurningar úr tillögum stjórnar og PHP að breytingum á reglum sjóðsins.

Sigrún lagði til að kosið yrði um hvort fólk væri sammála því að könnunin verði framkvæmd eða ekki. Ef fólk samþykkti að könnunin færi fram yrði ekki kosið um aðrar tillögur um málið á þessum fundi.

Niðurstöður könnunarinnar verði síðan kynntar stjórn Ritlaunasjóðsins sem vilji félagsfólks að undangengnum umræðufundi um niðurstöðurnar innan þriggja vikna frá lokum kosninga.

PHP sagðist styðja tillögu formanns um að gera skoðanakönnun. Taldi mikilvægt að finna leið til að gera kerfið sanngjarnara.

**Fundarstjóri lagði til að greidd yrðu atkvæði um tillögu formanns um hvort skoðanakönnun með áður nefndum tillögum stjórnar og PHP verði lögð fyrir eða ekki.**

Eins og fram kom í upphafi fundar barst ósk frá félaga um leynilega atkvæðagreiðslu þegar kosið yrði um tillögur er varða Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora.

PHP upplýsti að það hefði verið hann sem óskaði eftir því og dró hann þá ósk sína til baka. Fundarstjóri spurði hvort einhver annar óskaði eftir leynilegri atkvæðagreiðslu en enginn bað um það.

Tillagan var borin upp til afgreiðslu með handauppréttingu og var hún **samþykkt**. Enginn var á móti.

**c) Tillaga stjórnar að reglum um kjaradeilusjóð FPR.**

Fundarstjóri gaf Zophoníasi Oddi Jónssyni gjaldkera FPR orðið.

Zophonías minnti fólk á að á aðalfundinum 7. maí sl. hefði verið samþykkt að stofna Kjaradeilusjóð og að reglur um hann skuli lagðar fram á aðalfundi til afgreiðslu.

Tillagan eins og hún var samþykkt er svohljóðandi:

*„Félagið starfrækir kjaradeilusjóð sem er ætlað að styrkja stöðu félagsfólks í vinnudeilum. Stjórn félagsins fer með yfirstjórn sjóðsins. Stjórn gerir tillögu að reglum um sjóðinn og upphæð sem er lögð inn í sjóðinn hverju sinni. Þær tillögur skuli lagðar fyrir aðalfundi til samþykktar.“*

Stjórn félagsins fól honum, Guðnýju Björk Eydal meðstjórnanda og Lilju Þorgeirsdóttur framkvæmdastjóra að útbúa tillögu að reglum um kjaradeilusjóð. Í þeirri vinnu voru reglur annarra félaga hafðar til hliðsjónar. Eyvindur G. Gunnarsson prófessor fór yfir tillögurnar og kom með athugasemdir. Tillagan var síðan samþykkt af stjórn félagsins og ákveðið að leggja þær fram til afgreiðslu á framhaldsaðalfundinum. Reglurnar, sem sendar voru til kynningar fyrir fundinn eru í fylgiskjali með fundargerð.

Tillagan var borin upp til afgreiðslu og var hún **samþykkt**. Enginn var á móti.

Fundarstjóri tilkynnti að það væru ekki fleiri önnur mál á dagskrá.

**Lokaorð og fundarslit.**

Fundarstjóri gaf formanni orðið til að slíta fundi.

Sigrún sagði að í ljósi þess að kjaradeilu félagsins hefði verið vísað til Ríkissáttasemjara í síðustu viku yrði annar félagsfundur um kjaramál fljótlega. Fyrir þann tíma myndi hún senda félagsfólki póst með upplýsingum um stöðu mála.

Sigrún þakkaði fyrir fundinn og góðar og málefnalegar umræður. Hún sagði það vera stórt verkefni varðandi Ritlaunasjóðinn sem þyrfti að ná sem mestri sátt um. Stjórn færir núna í það verkefni að undirbúa skoðanakönnun. Þegar niðurstöður liggja fyrir verður boðað til umræðufundar um málið.

Hún þakkaði Kára fyrir góða fundarstjórn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.36.

Fundarritari, Lilja Þorgeirsdóttir.

Reykjavík, 30. september 2024

---

Sigrún Ólafsdóttir  
formaður Félags prófessora við ríkisháskóla

## Reglur kjaradeilusjóðs Félags prófessora við ríkisháskóla

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Kjaradeilusjóður Félags prófessora við ríkisháskóla. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja stöðu félagsfólks í kjaradeilum með því að aðstoða það fjárhagslega ef kemur til verkfalls sem Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR) er aðili að. Einnig er heimilt að greiða úr sjóðnum kostnað vegna framkvæmdar verkfalls, þó hvorki venjulegan samningskostnað né þóknun fyrir verkfallsvörslu. Þá má styrkja önnur stéttarfélög sem eiga í kjaradeilum að fengnu samþykki stjórnar FPR

### 3. gr.

Aðild að sjóðnum eiga félagar í FPR sem félagið semur fyrir. Gjald í kjaradeilusjóð er dregið af félagsgjöldum félagsfólks. Aðalfundur ákveður upphæð sem lögð er inn í sjóðinn hverju sinni á fenginni tillögu frá stjórn sjóðsins.

### 4. gr.

Stjórn FPR fer með yfirstjórn sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt og skal stjórnin kappkosta að varðveita verðgildi hans. Stjórn tekur einnig ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum. Skrá skal sérstaklega fundargerðir vegna funda í sjóðnum.

### 5. gr.

Félagar sem greiða iðgjald til sjóðsins og verða fyrir tekjumissi vegna verkfallsaðgerða eiga rétt á greiðslu úr honum. Þegar kjaradeila er fyrirsjáanleg skal stjórn sjóðsins gera áætlun um greiðslur úr sjóðnum og útbúa reglur um greiðslur til félagsfólks.

Stjórn sjóðsins skal meta hverju sinni hversu háa styrki skal veita, hvenær styrkgreiðsla skal hefjast, greiðslutímabil og önnur skilyrði. Stjórninni er heimilt að breyta upphæð styrks síðar ef hún telur ástæður og nauðsyn bera til. Úthlutunarreglur sjóðsins skulu kynntar fyrir félagsfólki eigi síðar en við upphaf vinnustöðvunar.

Heimilt er að greiða úr sjóðnum kostnað vegna undirbúnings og framkvæmdar verkfalla, þó ekki venjulegan samningskostnað eða þóknun fyrir verkfallsvörslu.

### 6. gr.

Kjörnir endurskoðendur FPR skulu jafnframt vera endurskoðendur sjóðsins.

### 7. gr.

Telji stjórn sjóðsins að hann sé orðinn óþarflega stór má endurgreiða félaginu hluta hans að fengnu samþykki aðalfundar. Verði sjóðurinn af einhverjum ástæðum að hætta störfum skal ákvörðun um það og ráðstöfun eigna sjóðsins tekin á aðalfundi.

### 8. gr.

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og gilda sömu reglur um þær og breytingar á lögum félagsins.

*Reglur þessar voru samþykktar á framhaldsaðalfundi FPR þann 30. september 2024.*